



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1
765 Djúpavogi

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngás 12
700 Egilsstaðir

Djúpivogur, 21. júní 2022
MÍ202205-0150/ 6.08 / Þ.E.H.

Efni: Aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2004-2016 - breytingar

Minjastofnun Íslands hefur móttakið tölvubréf ritara umhverfis- og framkvæmdarsviðs Múlaþings frá 20. maí sl. þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um vinnslutillögu að breytingum á Aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004-2016. Meðfylgjandi var greinargerð og uppdráttur, dags. 2. maí 2022.

Breytingarnar sem hér eru lagðar fram eru þrjúþættar:

1. Stækkun á íbúðarsvæði ÍB1.
2. Stofnanasvæði BS7 verði breytt í athafnarsvæði.
3. Núverandi efnisnáma B8 verður skilgreind sem 1,0ha svæði og ný náma B13 verður skilgreind sem 1,4ha svæði.

Í kafla 2.1.4 er fjallað um minjar. Þar segir að ekki hafi farið fram fornleifaskráning en það verði gert í tengslum við nánari skipulagsvinnu á svæðinu. Engar friðlýstar fornleifar séu að finna á svæðinu og að til sé fornleifaskráning fyrir hafnarsvæðið og vegna lagningu ljósleiðara.

Í kafla 4.4.4 er lagt mat á umhverfisáhrif framkvæmdanna á fornleifar og menningarminjar. Þar segir að framkvæmdirnar séu taldar hafa óverulegar eða ljós áhrif á fornleifar eða menningarminjar. Ekki sé vitað um fornminjar á svæðinu en ekki hafi farið fram skráning þeirra en það mun vera gert í tengslum við breytingu á skipulagsáætlunum. Samkvæmt vefsíðu Minjastofnunar séu engar fornminjar skráðar.

Athugasemdir Minjastofnunar Íslands:

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir að áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Í 5. gr. reglna um skráningu jarðfastra menningarminja nr. 620/2019 segir enn fremur að óheimilt er að veita byggingar- eða framkvæmdarleyfi án undanfarandi fornleifa, húsa og mannvirkjaskráningar.

Hér verður fjallað um breytingartillögurnar lið fyrir lið.

**Puríður Elísa
Harðardóttir**
Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

Stækkun á íbúðarsvæði ÍB1

Gerð er lítil breyting á svæði fyrir íbúðarbyggð ÍB1 en svæðið stækkar um 0.04ha. Gert er ráð fyrir einni nýrri lóð fyrir einbýlishús á einni hæð vestan Bakkavegar.

Fornleifaskráning liggur ekki fyrir ofangreint svæði. Þegar tillaga að deiliskipulagi eða fyrirhuguðum framkvæmdum liggja fyrir þarf að kynna þær Minjastofnun Íslands sem mun í kjölfarið meta hvort þörf sé á frekari skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja innan svæðisins til að hægt sé að meta áhrif þeirra á þær menningarminjar sem þar kunna að leynast.

Stofnanasvæði BS7 verði breytt í athafnarsvæði.

Svæðinu verður breytt í BA1 en innan svæðisins er dúnvinnsla sem hentar illa að skilgreina sem svæði fyrir þjónustustofnunun eins og núverandi landnotkun er. Að öðru leyti breytast landnotkunarreitir ekki innan svæðisins. Settur er nýr kafli í aðalskipulagið sem fjallar um atvinnusvæðið. Gerð verður breyting á töflu um svæðið fyrir þjónustustofnanir og fellt verður út eitt svæði en önnur númer breytast ekki. Svæðið sem fellur út er skilgreint sem svæði fyrir leikskóla sem samræmist ekki núverandi stöðu. Stærð hins nýja svæði er 0.3ha.

Í tengslum við deiliskipulagsvinnu svæðisins við Jörfa var unnin fornleifaskráning og húsakönnun sem nær yfir þetta svæði. Innan þess var einn minjastaður skráður en það eru Bergsstaðir (2754-4). Minjastofnun Íslands veitti umsögn um deiliskipulagssvæðið með bréfi dags. 20. júní 2022. Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda landnotkunarbreytingu en vísar að öðru leyti til umsagnar sinnar um deiliskipulagstillögu svæðisins.

Núverandi efnisnáma B8 verður skilgreind sem 1,0ha svæði og ný náma B13 verður skilgreind sem 1,4ha svæði.

Efnisnámusvæðin eru eyrar norðan og sunnan við brúna yfir Fjarðará. Þessar eyrar mynduðust í ánni eftir að brúin var byggð og hefur efni verið tekið þar frá 1960 og áin fyllt aftur það sem var tekið. Ef of langt líður á milli efnistöku flæðir áin yfir svæðið. Helstu framkvæmdarþættir vegna þessa eru aðkomuvegir og efnistaka.

Fornleifaskráning liggur ekki fyrir ofangreint svæði. Ólíklegt er að minjar leynist á eyrunum þar sem efni hefur þar verið tekið í gegnum tíðina og áin fyllt þar upp aftur. Fornminjar kunna hinsvegar að leynast á bökkunum og gætu því verið í hættu vegna vegagerðar eða athafnasvæða þar. Þegar tillaga að deiliskipulagi eða fyrirhuguðum framkvæmdum liggja fyrir þarf að kynna þær Minjastofnun Íslands sem mun í kjölfarið meta hvort þörf sé á frekari skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja innan svæðisins til að hægt sé að meta áhrif þeirra á þær menningarminjar sem þar kunna að leynast.

Minjastofnun gerir athugasemdir við umfjöllun um menningarminjar í umhverfismatinu. Til menningarminja teljast fornleifar, hús og

mannvirki. Þar segir einnig að framkvæmdirnar eru taldar hafa óveruleg eða óljós áhrif og að engar fornminjar séu skráðar á vefsíðu Minjastofnunar Íslands. Eins og þar kemur fram þá hefur skráning ekki farið fram á tveimur þeim svæðum sem hér er verið að vinna breytingartillögu fyrir og þar með liggur ekki fyrir hvort að breytingin muni hafa áhrif á menningarminjar. Stofnunin vekur athygli á því að vefsíða Minjastofnunar Íslands er ekki tæmandi yfirlit um fornleifar, hús og mannvirki. Á einu þessara svæði liggur fyrir fornleifaskráning og þar er skráður minjastaður.

Vakin er athygli á því að óheimilt er að raska fornleifum á nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar Íslands auk þess sem þær njóta 15m friðhelgunarsvæðis skv. 21. og 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Auk þess þurfa breytingar á friðuðum, friðlýstum og umsagnarskyldum húsum að berast til Minjastofnunar Íslands sérstaklega, sbr. 29., 30., og 31. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekar athugasemdir við breytingar á aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps eins og þær hafa verið kynntar stofnuninni. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Endanlega greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar þarf að berast til umsagnar hjá Minjastofnun Íslands eftir að brugðist hefur verið við athugasemdum stofnunarinnar hér að ofan.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,

Purrður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulagsfulltrúi Múlaþings (skipulagsfulltrui@mulathing.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.